

Mál nr. 182/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs (sveitarfélags).

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 4. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 12. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. júní 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 29. desember 2021 varð M fyrir líkamstjóni á bílastæði fyrir utan leikskóla þar sem hún starfaði. Er tildrögum slyssins nánar lýst þannig að M hafi verið að labba frá bifreið sinni að leikskólanum þegar hún hafi dottið illa vegna mikillar hálfu á bílastæðinu. M varð óvinnufær í kjölfar slyssins. M telur að slysið megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna fyrir utan leikskólann og vanrækslu forsvarsmanna leikskólans á að tryggja öryggi á bílplaninu. Telur M að X beri ábyrgð á framangreindu á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð en X var með ábyrgðartryggingu hjá V. M færir þau rök máli sínu til stuðnings að umrætt bílplan hafi ekki verið hálfuvarið þrátt fyrir að á forsvarsmönnum leikskólans hvíli rík athafnaskylda til að gera allar þær ráðstafanir sem sanngjarnt má telja til að koma í veg fyrir slysaðu vegna hálfu. Vísar M til þess að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 89/2008 um leikskóla skuli leikskólastjóri stjórna starfi leikskóla í umboði rekstraraðila, sem samkvæmt 4. gr. laganna sé X. Gera verði þær kröfur til leikskólastjóra að hann geri nauðsynlegar og eðlilegar ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þeirra sem eiga leið um bílastæðið, þar með talið að sjá til þess að bílastæðið yrði hálfuverið áður en starfsemi leikskólans hófst umræddan dag. Telur M að starfsmönnum leikskólans hafi verið er mátt vera það ljóst, að sökum hálfu væru aðstæður á bílastæðinu hættulegar. Telur M að þessar skyldur hafi verið vanræktar og að rekja megi slys M til þess. Á því beri X ábyrgð. M vísar t.d. einnig í Hrd. í máli nr. 251/2005 máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 4. júní 2025, er málatalbúnaði M mótmælt og færð fyrir því rök að X beri ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M. Í því sambandi bendir V á að verktaki á vegum X hafi mokað umrætt bílastæði að morgni slysdags en að sökum mikillar úrkomu (snjókomu) hafi verktakinn metið svo að það þjónaði ekki tilgangi að sanda jafnframt bílastæðið. Telur V að M hafi ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli þess að bílastæðið var ekki sandað og slyss M. Þvert á móti hafi það verið mat þeirra sérfræðinga sem fóru með hálfuvarnir og söndum á vegum X að eins og veðuraðstæðum var háttað að morgni slysdags hefði það ekki bætt aðstæður þó bílplaninu hefði verið sandað. Engin gögn liggi fyrir í málinu sem sýni fram á hið gagnstæða. Bendir V á að sú krafa verði ekki gerð á hendur eigendum fasteigna að þeir sandi bifreiðastæði í kappi við úrkomu þegar ljóst sé að jafnóðum fenni yfir sandinn. Það sé óraunhæf krafa sem þjóni engum tilgangi. V telur því að verktakinn á vegum X hafi gert allt sem hægt var að ætlast til af honum til að hálfuverja í umrætt sinn. Því verði slys M ekki rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna X. V telur því ósannað að söndun hefði skilað einhverjum árangri við þær aðstæður sem voru á vettvangi enda hafi þar verið talsverð snjókoma og fok. Þá bendir V jafnframt á að það sé eðlileg krafa að fólk gæti að sér við göngu að vetrarlagi og ekki síst þar sem búast megi við hálfu, sérstaklega þegar snjóél gangi yfir. Þetta hafi M verið ljóst. Fólk geti þannig ekki gengið út frá því að bílastæði séu almennt hættulaus við þær veðuraðstæður sem búast má við á Íslandi.

Til viðbótar byggir V á því að ef nefndin telur að sýnt sé fram á orsakatengsl milli slyssins og þess að ekki hafi verið sandað og að það feli í sér saknæma háttsemi þá beri verktakinn ábyrgð en ekki X. V ítrekar þó í þessu sambandi að engin gögn hafi verið lögð fram í málinu sem sýni fram á að verktakinn hafi metið aðstæður og brugðist við þeim með röngum hætti. V bendir einnig á úrskurð nefndarinnar í máli nr. 169/2022 máli sínu til stuðnings. Þá mótmælir V því að Hrd. í máli nr. 251/2005 sé fordæmisgefandi fyrir mál M enda atvik með engu móti sambærileg.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 12. júní 2025, er sú skoðun ítrekuð að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt umræddan dag, þó svo að það hafi verið mikil hálka fyrir utan leikskólann og því verið tilefni til að sinna hálkuvörnum áður en leikskólinn var opnaður.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 16. júní 2025, er m.a. bent á að fyrirbyggjandi upplýsingar um veðurfar á slysdegi staðfesti að úrkoma hafi verið á vettvangi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Þar er það m.a. gert að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á og að orsakatengsl séu á milli þeirrar háttsemi og tjóns.

Eins og gerð er grein fyrir að framan byggir M kröfu sína á því að saknæmi starfsmanna X liggi í því að hafa ekki gripið til nauðsynlegra aðgerða til að hálkuverja bílastæðið að morgni slysdags. V sem telur skaðabótaskyldu ekki vera til staðar benti á, máli sínu til stuðnings, að verktaki á vegum X hafi mokað bílastæðið að morgni slysdags en metið aðstæður svo að vegna úrkomu (snjókomu) þjónaði ekki tilgangi að sanda stæðið enda myndi það ekki skila raunverulegri hálkuvörn. Því hafi allt það verið gert af hálfu X sem hægt er að ætlast til að gert sé til að draga úr hálku á bílastæðinu í umrætt sinn. Þá bendir V jafnframt á að M hafi ekki sýnt fram á það með neinum gögnum að orsakatengsl séu á milli þess að bílastæðið var ekki sandað og að M slasaðist.

Með vísan til framangreindra sönnunarreglna og þess sem hér hefur verið rakið um röksemdir aðila telur nefndin að M hafi hvorki tekist að sýna fram á að tjón hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber skaðabótaábyrgð á né að orsakatengsl séu á milli þess að bílastæðið var ekki sandað og tjónsins. Nefndin telur því að M eigi ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir